

**Ed. 108. Frumvarp til laga [39. mál]**

um breyting á lögum nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysa-tryggingu skipshafna o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. des.)

**1. gr.**

8. gr. 5. töluliður orðist svo:

Skirteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, sbr. 2. tl. og 2. mgr. 3. tl. 10. gr.

**2. gr.**

10. gr. 2. töluliður orðist svo:

Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 6%. Nú hafa innlámsvextir sparisjóðsdeildar Landsbanka Íslands af sparifé á almennum innlámsbókum án sérstaks uppsagnarfrests verið hærri en 4% yfir árið á því ári, sem arður er miðaður við, og er þá heimilt að greiða arð, er sé 2% — tveimur af hundraði — hærri en innlámsvextirnir voru.

10. gr. 2. málgr. 3. töluliður orðist svo:

Ef arður verður eigi greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnunar-sjóði, getur stjórn félagsins ákveðið, að nota megí arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að arðurinn nái því hámarki, sem leyft er samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 12/1955, um breyting á lögum nr. 43/1947.